

Nafn _____ Kennitala _____

A. (30%) Krossaspurningar. Settu x í sviga við rétt svar. Bara eitt svar er rétt.

1. Vestrómverska ríkið leið undir lok árið 476 en það Austrómverska
 - () hafði fallið fyrir Húnum árið 376.
 - () varð norrænum víkingum (væringjum) að bráð á 10. öld.
 - () var lagt í rúst af krossförum á 13. öld.
 - () stóð í um 1000 ár í viðbót og féll fyrir Tyrkjum árið 1453.

2. Ísland fékk nafn sitt frá
 - () Naddoddi.
 - () Hrafna-Flóka.
 - () Ingólfi Arnarsyni.
 - () Dicuil.

3. Múhameðstrúarmenn miðuðu tímatal sitt við
 - () fæðingu Múhameðs árið 570.
 - () vitranir Múhameðs árið 610.
 - () flutning Múhameðs til Medína árið 622.
 - () endurkomu Múhameðs til Mekka 632.

4. Hvaða tveir menn boðuðu kristni á Íslandi á vegum Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs?
 - () Þorvaldur víðförli og Þangbrandur prestur.
 - () Stefnir Þorgilsson og Þorvaldur víðförli.
 - () Stefnir Þorgilsson og Þangbrandur prestur.
 - () Þorvaldur víðförli og Gissur hvíti.

5. Kalmarsambandið var
 - () bandalag þýskra verslunarborga um verslun á Norðurlöndum.
 - () bandalag fursta á Norðurlöndum gegn yfirgangi Péturs mikla Rússakeisara.
 - () Ríkjasamband Norðurlandanna undir forystu Margrétar I. Danadrottningar.
 - () upphafið að sambandi Íslands og Danmerkur þegar Norðmenn létu Ísland af hendi.

6. Fylgismenn kaupauðgisstefnunnar (merkantilismans) lögðu mesta áherslu á
 - () að auka útflutning en draga úr innflutningi.
 - () að auka innflutning en draga úr útflutningi.
 - () að efla frjálsa verslun.
 - () að efla landbúnað.

7. Á fyrri tímum var fatnaður
- oft eina eign fólks á Íslandi.
 - fólks á Íslandi að mestu gerður úr erlendu efni af því að það var ódýrara.
 - almennings á Íslandi háður erlendri tísku.
 - allt ofanefnt er rétt.
8. Uppistaða í fæði Íslendinga fyrir á öldum var
- mjólkurmatur og fiskur.
 - kjöt og fiskur.
 - fiskur og grænmeti.
 - kjöt og súrmatur.
9. Hver var fyrstur lúterskra biskupa á Íslandi?
- Marteinn Einarsson.
 - Ólafur Hjaltason.
 - Gissur Ísleifsson.
 - Gissur Einarsson.
10. Að það sé fyrirfram ákveðið hvort maður frelsist eða ekki og ekkert sem maður gerir í lífinu getur breytt því var meginhugmynd
- Kalvíns.
 - Lúthers.
 - kaþólsku kirkjunnar.
 - ensku kirkjunnar.
11. Inkar áttu merkilegt ríki um 1500
- í Perú.
 - á hásléttunni í Mexíkó.
 - á Yucatánskaga í Mexíkó.
 - í Brasilíu.
12. Búauðgisstefnan einkenndist af hugmyndum um að
- landbúnaður væri langmikilvægasta atvinnugreinin og undirstaða efnahaglífsins.
 - náttúruleg málin giltu í efnahagslífinu og gangverk hagkerfisins væri það sama og í mannlíkamanum.
 - afskipti ríkisvaldsins væru sem minnst og frjáls samkeppni ætti að ríkja.
 - allt ofanefnt er rétt.
13. Pétur mikli keisari Rússlands var þekktastur fyrir
- að sigra Tyrki í stríði og fá með því aðgang að Svartahafi.
 - þátttöku Rússa í Þrjátíu ára stríðinu.
 - að innleiða vestræna tækni og menningu í Rússlandi.
 - að reisa nýja höfuðborg við Hvítahafið til að tryggja aðgang Rússa að Atlantshafinu.
14. Hver var helsti boðberi upplýsingarinnar á Íslandi?
- Magnús Stephensen.
 - Eggert Ólafsson.
 - Bjarni Pálsson.
 - Sveinn Pálsson.

15. Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna var samþykkt árið

- () 1776.
 () 1781.
 () 1783.
 () 1788.

16. Hansakaupmenn voru

- () norskir kaupmenn sem voru nærri einráðir í Íslandsverslun á 14. öld.
 () hollenskir hvalveiðimenn sem stunduðu umfangsmikla launverslun við Ísland á 16. og 17. öld.
 () enskir kaupmenn sem stunduðu mikla verslun við Breiðafjörð á 15. öld.
 () þýskir kaupmenn sem urðu nærri einráðir í Íslandsverslun á 16. öld.

B. (10%) Þörun. Tengdu saman með því að setja viðeigandi tölustafi í miðdálkinn.

1	James Watt		enska kirkjan (biskupakirkjan)
2	Kalvín		hundrað ára stríðið
3	Jóhanna af Örk		landnám í Ameríku
4	Gissur Þorvaldsson		fyrsti forseti Bandaríkjanna
5	Hinrik VIII		ensku siglingalögin
6	Loðvík XIV		húgenottar
7	George Washington		<i>Vísnaþókin</i>
8	Oliwer Cromwell		Flugumýrabrenna
9	Guðríður Þorbjarnardóttir		sólkonungurinn
10	Guðbrandur Þorláksson		gufuvélin

C. (10%) Tímaröðun. Settu einn við það sem gerðist fyrst (var elst) og upp í fimm í réttri röð:

- a. () Fyrsta klaustrið í Evrópu.
 () Upphaf vikingaferða.
 () Krossferðir.
 () Múhameð féll frá.
 () Kristnitakan á Íslandi.
- b. () Siðskiptin komast á í Danmörku.
 () Stóri dómur á Íslandi, refsingar við siðferðisbrotum hertar.
 () Lúther setur fram kenningar sínar.
 () Þrjátíu ára stríðið geisar í Þýskalandi.
 () Siðskiptin komast á að fullu á Íslandi.

D (10%) Úskýrðu og gættu þess að fram komi að minnsta kosti þrjú efnisatriði.

a) Eystribyggð; b) gagnsiðbótin; c) dýrðarbyltingin; d) móðuharðindin.

E. (20%) Smáspurningar. Veldu **fjórar** af eftirfarandi sjö spurningum. Gættu þess að fram komi að minnsta kosti fimm gild efnisatriði við hverja.

1. Svartidauði á Íslandi og afleiðingar hans.
2. Helstu orsakir víkingaferða.
3. Helstu einkenni einokunarverslunarinnar á Íslandi.
4. Nefndu þrjú upplýsingarfrömuði og meginhugmyndir þeirra.
5. Helstu kenningar Lúthers.
6. Upphaf íslensku kirkjunnar.
7. Krossferðir.

E. (20%) Ritgerð. Veldu eitt af þremur eftirfarandi ritefnum.

1. **Stjórnkerfið á Íslandi.** (Fjallaðu um Alþingi og stjórnkerfi þjóðveldisaldar, þ.e. hvernig dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdavald birtist, einnig um það hvernig þetta breyttist á 13. öld þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd.)
2. **Endurreisnin.** (Fjallaðu um helstu einkenni endurreisnarinnar, hvaðan hún er upprunnin, hvenær, menntun og menningu og helstu afreksmenn endurreisnarinnar á sviði lista, menntunar, vísinda og tækni og verk þeirra eftir því sem það á við)
3. **Landafundirnir miklu.** (Fjallaðu um orsakir landafunda, frumkvöðla landkönnunar, nýlendu- og verslunarveldi og afleiðingar landafundanna.)